



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2022

2211021SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga S-208/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 2. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Tilgangur frumvarpsins er að mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að færa verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá sveitarfélögum til ríkisins. Samband Íslenskra sveitarfélaga og ríkið hafa um langt árabil átt í viðræðum um tilfærslu verkefna stofnunarinnar frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess frá árinu 2002 en viðræður um tilfærsluna hafa hingað til strandað af ýmsum ástæðum. Það er eindreginn vilji sambandsins að ríkið taki við þessu verkefni. Er það bæði vegna þeirra áhrifa sem sveiflur í innheimtuárangri hafa á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem og þeirrar staðreyndar að samkvæmt núgildandi kerfi er óskýrt hver fer með almennt yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk gagnvart stofnuninni.


Eins og rakið er í frumvarpinu hafa formlegar viðræður milli ríkisins og sambandsins staðið yfir síðan á vormánuðum 2020 á grundvelli viljayfirlýsinga milli aðila. Hluti af þeirri vinnu var að fá Ríkisendurskoðun til að fara yfir verkefni stofnunarinnar og m.a. skoða með hvaða hætti verkefnum hennar yrði best fyrir komið hjá ríkinu. Skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út í október sl. og er fyrsta tillaga Ríkisendurskoðunar að innheimta meðlaga verði færð til innheimtumanna ríkissjóðs. Þá staðfestir skýrslan það, sem sambandið hefur lengi haldið fram, að óskýrt yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk gagnvart verkefnum Innheimtustofnunar sé helsta skýring á því að nauðsynlegt eftirlit skorti með starfsemi stofnunarinnar. Að sama skapi hafi verkefni hennar verið hálf munaðarlaus í stjórnsýslunni sem leitt hefur m.a. til þess að ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum, reglum og stjórnsýslufrákvæmd til að styrkja starfsemi stofnunarinnar.

Sambandið hefur einnig lagt áherslu á að við yfirfærslu verði staðinn vörður um starfsöryggi og réttindi starfsfólks og starfstöðvar stofnunarinnar á Ísafirði og á höfuðborgarsvæðinu verði starfræktar áfram.

Með vísan til framangreinds mælir sambandið með samþykkt frumvarpsins. Lögð er áhersla á að strax við yfirfærslu verkefna verði greitt úr aðkomu Jöfnunarsjóðs þannig að hann komi ekki lengur að fjármögnun stofnunarinnar enda eru það brýnustu fjárhagslegu hagsmunir sveitarfélaganna hvað yfirfærsluna varðar.

Viðræður milli ríkisins og sambandsins um fjárhagslegt uppgjör standa nú yfir og bindur sambandið vonir við að þær leiði af sér farsæla lausn svo að hægt verði að klára þetta verkefni sem hefur verið um tvo áratugi í farvatninu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs